



SAMANDREGINN ÁRSHLUTAREIKNINGUR SAMSTÆÐUNNAR
1. MARS TIL 31. ÁGÚST 2024

AÐFÖNG

Bananar

BÓNUS

ELDUM RÉTT

HAGKAUP

olís

STÓRKAUP

ZARA

EFNISYFIRLIT

| | |
|--|----|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra | 3 |
| Könnunaráritun óháðs endurskoðanda | 5 |
| Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu | 6 |
| Efnahagsreikningur | 7 |
| Eiginfjáryfirlit | 8 |
| Sjóðstremmisyfirlit | 9 |
| Skýringar | 10 |

SKÝRSLA OG YFIRLÝSING STJÓRNAR OG FORSTJÓRA

Hagar hf. („félagið“) er verslunarfyrtæki með starfsemi á Íslandi en félagið er leiðandi á íslenskum matvöru-, sérvöru- og eldsneytismarkaði. Í lok tímabilsins starfrækti félagið 40 matvöruverslanir, 22 Olís þjónustustöðvar, 43 ÓB-stöðvar, tvö vöruhús, eina framleiðslustöð, eina netverslun með matarpakka, eina birgðaverslun, eina sérvöruverslun og eina netverslun með áfengi. Kjarnastarfsemi Haga er á sviði matvöru og tengdra vöruhúsa, auk eldsneytissölu.

Árshlutareikningur Haga hf. fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2024 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Árshlutareikningurinn samanstendur af samandregnum samstæðureikningi Haga hf. og dótturfélaga þess, sem vísað er til sem samstæðunnar.

Rekstur tímabilsins og fjárhagsleg staða

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu var hagnaður af rekstri samstæðunnar að fjárhæð 2.573 millj. kr. (2023/24: 2.737 millj. kr.). Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 7.228 millj. kr. (2023/24: 6.993 millj. kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 80.965 millj. kr. (árslok 2023/24: 77.214 millj. kr.). Eigið fé í lok tímabilsins nam 28.282 millj. kr. (árslok 2023/24: 28.188 millj. kr.) og var eiginfjárlutfall 34,9% (árslok 2023/24: 36,5%).

Rekstur á öðrum ársfjórðungi 2024/25 var í samræmi við áætlanir en nokkuð undir síðasta ári. Er það einna helst vegna Olís en á síðasta ári var afkoma Olís óvenju sterk í sögulegu samhengi. Vörusala samstæðunnar jókst um 2,8% frá fyrra ári og framlegð jókst í krónum talið um 2,7%. Rekstrarkostnaður hækkaði um 11,4% milli ára og EBITDA afkoma fjórðungsins lækkaði um 10,2% frá fyrra ári. Fjármagnskostnaður samstæðunnar hækkaði um 16,7% milli ára. Vextir og verðbólga eru enn há í sögulegu samhengi og þá hafa vaxtagjöld vegna leiguskulda hækkað nokkuð milli tímabila.

Afkomuspá stjórnenda fyrir rekstrarárið 2024/25 gerir ráð fyrir að rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) verði á bilinu 13.800-14.300 millj. kr. Fjárhagsleg staða samstæðunnar er sterk og er fjármögnun tryggð. Aðgangur að skammtímafjármögnun í formi lánalína, að fjárhæð 4,5 ma. kr. og USD 12,5 millj. er tryggður en einnig hefur félagið undanfarið nýtt sér skammtímafjármögnun í formi víxlaútgáfu. Útgáfa víxlanna er í samræmi við grunnlysingu 10 ma. kr. útgáfuramma sem stjórn félagsins hefur samþykkt. Gera má ráð fyrir að félagið nýti sér áfram markaðsfjármögnun á næstu misserum.

Þann 26. september 2024 var tilkynnt um að Olís, dótturfélag Haga, hafi ásamt meðeigendum sínum komist að samkomulagi um að hefja formlegt söluferli á eignarhlutum félaganna í Olíudreifingu. Nánari upplýsingar má finna í skýringu 19.

Hlutafé og hluthafar

Skráð hlutafé félagsins nam í lok tímabilsins 1.106 millj. kr. Hver hlutur er ein króna að nafnverði. Allir hlutir eru í sama flokki og njóta sömu réttinda.

Hluthafar voru 968 í byrjun rekstrarársins og 915 í lok ágúst 2024.

Þann 30. maí 2024 samþykkti aðalfundur félagsins að greiddur yrði arður til hluthafa sem nemur 50% hagnaði síðasta reikningsárs eða samtals 2.522 millj. kr. Arðurinn var greiddur þann 7. júní 2024.

Í samræmi við samþykkt hluthafafundar þann 30. ágúst 2024 var tilkynnt þann 31. ágúst 2024 að ákveðið hafi verið að veita tilteknun lykilstarfsmönnum félagsins kauprétti fyrir samtals 12.918.615 hlutum í félagini, eða sem samsvarar 1,17% af hlutafé Haga þegar kaupréttarkerfið var samþykkt. Þar af var 11.037.686 hlutum úthlutað til framkvæmdastjórnar. Áfallinn og gjaldfærður kostnaður vegna nýju kaupréttarsamninganna á tímabilinu nemur 27,3 millj. kr. en heildarkostnaður skv. reiknilíkani Black&Scholes er áætlaður um 134 millj. kr. yfir líftíma samninganna.

SKÝRSLA OG YFIRLÝSING STJÓRNAR OG FORSTJÓRA, FRH.:

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra gefur samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2024, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. ágúst 2024 og breytingum á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar, og lýsi helstu áhættubáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Haga hf. hafa í dag farið yfir árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2024 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Árshlutareikningurinn er undirritaður með rafrænum hætti í samræmi við lög nr. 55/2019, um rafræna auðkenningu og traustþjónustu um rafræn viðskipti.

Reykjavík, 17. október 2024

Stjórn:

Eiríkur S. Jóhannsson, formaður

Eva Bryndís Helgadóttir, varaformaður

Davíð Harðarson, meðstjórnandi

Jensína K. Böðvarsdóttir, meðstjórnandi

Sigríður Olgeirs Þóttir, meðstjórnandi

Forstjóri:

Finnur Oddsson

KÖNNUNARÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og hluthafa Haga hf.

Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning samstæðu Haga hf. fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2024. Samandregni árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og forstjóra, rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymsfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samandregna árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í þeiri ályktun sem af könnun okkar leiðir.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki vist að við fáum vitnesku um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 17. október 2024

PricewaterhouseCoopers ehf.

Sara Henný H. Arnbjörnsdóttir

REKSTRARREIKNINGUR OG YFIRLIT UM HEILDARAFKOMU

1. MARS TIL 31. ÁGÚST 2024

| Skýr. | Annar ársfjórðungur* | | Fyrri árshelmingur | |
|--|----------------------|--------------------|--------------------|--------------------|
| | 2024 1.6.-31.8. | 2023 1.6.-31.8. | 2024 1.3.-31.8. | 2023 1.3.-31.8. |
| Vörusala | 46.579 | 45.309 | 90.646 | 86.799 |
| Kostnaðarverð seldra vara | (36.405) | (35.406) | (70.935) | (68.824) |
| Framlegð | 10.174 | 9.903 | 19.711 | 17.975 |
| Aðrar rekstrartekjur | 121 | 210 | 263 | 404 |
| Laun og launatengd gjöld | (4.248) | (3.881) | (8.625) | (7.813) |
| Annar rekstrarkostnaður | (2.033) | (1.760) | (4.121) | (3.573) |
| Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir | 4.014 | 4.472 | 7.228 | 6.993 |
| Afskriftir | 7 (1.231) | (1.353) | (2.612) | (2.482) |
| Rekstrarhagnaður | 2.783 | 3.119 | 4.616 | 4.511 |
| Hrein fjármagnsgjöld | 8 (746) | (639) | (1.535) | (1.265) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 127 | 109 | 152 | 149 |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | 2.164 | 2.589 | 3.233 | 3.395 |
| Tekjuskattur | (441) | (505) | (660) | (658) |
| Heildarhagnaður tímabilsins | 1.723 | 2.084 | 2.573 | 2.737 |

Hagnaður á hlut:

| | | | | |
|-------------------------------|------|------|------|------|
| Grunnhagnaður á hlut | 1,59 | 1,88 | 2,37 | 2,47 |
| Þynntur hagnaður á hlut | 1,56 | 1,84 | 2,33 | 2,42 |

Skýringar á blaðsíðum 10 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

* Ekki kannað

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. ÁGÚST 2024

| | Skýr. | 31.8.2024 | 29.2.2024 |
|--|-------|---------------|---------------|
| Eignir | | | |
| Rekstrarfjármunir | | 22.045 | 22.410 |
| Fjárfestingarfasteignir | | 3.831 | 3.841 |
| Öfnislegar eignir | | 12.963 | 12.835 |
| Leigueignir | 9 | 11.929 | 11.252 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | | 5.479 | 5.517 |
| Aðrar langtímaeignir | | 213 | 230 |
| Fastafjármunir samtals | | <u>56.460</u> | <u>56.085</u> |
| Vörubirgðir | 10 | 13.085 | 13.068 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 11 | 8.436 | 6.234 |
| Handbært fé | | 2.984 | 1.827 |
| Veltufjármunir samtals | | <u>24.505</u> | <u>21.129</u> |
| Eignir samtals | | <u>80.965</u> | <u>77.214</u> |
| Eigið fé | | | |
| Hlutafé | | 1.084 | 1.084 |
| Annað bundið eigið fé | 12 | 6.825 | 8.928 |
| Óráðstafað eigið fé | | 20.373 | 18.176 |
| Eigið fé samtals | | <u>28.282</u> | <u>28.188</u> |
| Skuldir | | | |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir | 13 | 11.308 | 11.286 |
| Leiguskuldir | 14 | 10.447 | 9.660 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 2.853 | 2.193 |
| Langtímaskuldir samtals | | <u>24.608</u> | <u>23.139</u> |
| Vaxtaberandi skammtímaskuldir | 13 | 6.110 | 5.818 |
| Leiguskuldir | 14 | 2.615 | 2.579 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 15 | 19.350 | 17.490 |
| Skammtímaskuldir samtals | | <u>28.075</u> | <u>25.887</u> |
| Skuldir samtals | | <u>52.683</u> | <u>49.026</u> |
| Eigið fé og skuldir samtals | | <u>80.965</u> | <u>77.214</u> |

Skýringar á blaðsíðum 10 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

EIGINFJÁRYFIRLIT

1. MARS TIL 31. ÁGÚST 2024

| | Skýr. | Hlutafé | Annað bundið eigið fé | Óráðstafað eigið fé | Eigið fé Samtals |
|---|-------|--------------|-----------------------------|------------------------|---------------------|
| <i>Breytingar á eigin fé 1. mars til 31. ágúst 2023</i> | | | | | |
| Eigið fé 1. mars 2023 | | 1.119 | 7.290 | 19.522 | 27.931 |
| Endurkaup á eigin bréfum | (| 13) | | (820) | (833) |
| Heildarhagnaður tímabilssins | | | | 2.737 | 2.737 |
| Breyting á bundnu eigin fé | 12 | | (793) | 814 | 21 |
| Greiddur arður, 2,24 kr. á hlut | | | | (2.475) | (2.475) |
| Eigið fé 31. ágúst 2023 | | <u>1.106</u> | <u>6.497</u> | <u>19.778</u> | <u>27.381</u> |

Breytingar á eigin fé 1. mars til 31. ágúst 2024

| | | | | | |
|---------------------------------------|----|--------------|--------------|---------------|---------------|
| Eigið fé 1. mars 2024 | | 1.084 | 8.928 | 18.176 | 28.188 |
| Heildarhagnaður tímabilssins | | | | 2.573 | 2.573 |
| Breyting á bundnu eigin fé | 12 | | (2.103) | 2.147 | 44 |
| Greiddur arður, 2,33 kr. á hlut | | | | (2.522) | (2.522) |
| Eigið fé 31. ágúst 2024 | | <u>1.084</u> | <u>6.825</u> | <u>20.373</u> | <u>28.283</u> |

Þann 30. maí 2024 samþykkti aðalfundur félagsins að greiddur yrði arður til hluthafa sem nemur 50% hagnaði síðasta reikningsárs eða samtals 2.522 millj. kr. Arðurinn var greiddur þann 7. júní 2024.

Skýringar á blaðsíðum 10 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

SJÓÐSTREYMISYFIRLIT

1. MARS TIL 31. ÁGÚST 2024

| Skyr. | Annar ársfjórðungur* | | Fyrri árshelmingur | |
|---|----------------------|------------|--------------------|------------|
| | 2024 | 2023 | 2024 | 2023 |
| | 1.6.-31.8. | 1.6.-31.8. | 1.3.-31.8. | 1.3.-31.8. |
| Rekstrarhreyfingar | | | | |
| Hagnaður tímabilsins | 1.723 | 2.084 | 2.573 | 2.737 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárvældum: | | | | |
| Söluhagnaður | (4) | (78) | (7) | (146) |
| Afskriftir | 7 1.231 | 1.353 | 2.612 | 2.482 |
| Hrein fjármagnsgjöld | 8 746 | 639 | 1.535 | 1.265 |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | (127) | (109) | (152) | (149) |
| Tekjuskattur | 441 | 505 | 660 | 658 |
| Aðrir liðir | 65 | 35 | 65 | 35 |
| Veltufé frá rekstri | 4.075 | 4.429 | 7.286 | 6.882 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum | (1.410) | (1.483) | (2.238) | (1.123) |
| Breytingar á rekstrartengdum skuldum | (56) | 264 | 2.428 | 1.448 |
| Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt | 2.609 | 3.210 | 7.476 | 7.207 |
| Innheimtar vaxtatekjur | 51 | 20 | 97 | 30 |
| Greidd vaxtagjöld | (691) | (547) | (1.393) | (996) |
| Greiddur tekjuskattur | (302) | (232) | (623) | (455) |
| Handbært fé frá rekstri | 1.667 | 2.451 | 5.557 | 5.786 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | | | |
| Fjárfesting í fasteignum | (46) | (136) | (89) | (927) |
| Söluverð fasteigna | 0 | 110 | 0 | 263 |
| Fjárfesting í áhöldum og innréttингum | (380) | (640) | (841) | (1.627) |
| Söluverð áhalda og tækja | 20 | 7 | 27 | 36 |
| Fjárfesting í fjárfestingarfasteignum | (27) | (31) | (49) | (504) |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | (179) | (152) | (352) | (435) |
| Móttekinn arður frá hlutdeildarfélögum | 120 | 244 | 190 | 244 |
| Skuldabréfaeign, breyting | 7 | (179) | 15 | (177) |
| Fjárfestingarhreyfingar | (485) | (777) | (1.099) | (3.127) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | | | |
| Keypt eigin bréf | 0 | 0 | 0 | (833) |
| Greiddur arður | (2.522) | (2.475) | (2.522) | (2.475) |
| Afborganir langtímalána | 13 (111) | (110) | (222) | (221) |
| Leiguskuld afborganir | 14 (418) | (469) | (836) | (923) |
| Vaxtaberandi skammtímaskuldur, breyting | 279 | 1.150 | 279 | 1.650 |
| Fjármögnunarhreyfingar | (2.772) | (1.904) | (3.301) | (2.802) |
| Hækjun (lækkun) á handbæru fé | (1.590) | (230) | 1.157 | (143) |
| Handbært fé í upphafi tímabils | 4.574 | 2.956 | 1.827 | 2.869 |
| Handbært fé í lok tímabils | 2.984 | 2.726 | 2.984 | 2.726 |

Skýringar á blaðsíðum 10 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

* Ekki kannað

SKÝRINGAR

1. Félagið

Hagar hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Holtavegi 10, Reykjavík. Samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. mars 2024 til 31. ágúst 2024 hefur að geyma samstæðu árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“ og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga“. Aðalstarfsemi félagsins er rekstur smásöluverslana og sala á eldsneyti. Yfirlit yfir félög í samstæðunni má finna í skýringu 16.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS) um árshlutareikninga, IAS 34, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir rekstrarárið sem endaði þann 29. febrúar 2024.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn þann 17. október 2024.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir rekstrarárið sem endaði þann 29. febrúar 2024. Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins, www.hagar.is.

Árshlutareikningurinn er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagins. Allar fjárhæðir eru birtar í milljónum króna.

4. Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

5. Viðskiptavild

Engar vísbindingar voru um virðisýrnun viðskiptavilda þann 31. ágúst 2024 og vegna þess var virðisýrnunarpróf ekki framkvæmt.

6. Starfspáttayfirlit

Starfspættir samstæðunnar eru tveir, verslanir og vöruhús annars vegar og Olís hins vegar. Starfsemi verslana og vöruhúsa er nær eingöngu í smásölurekstri matvöru á Íslandi. Stjórnendur leggja mat á smásöluverslun eftir mismunandi tegundum verslana og landsvæðum og líta svo á að hún byggist á sambærilegum efnahagslegum einkennum, vörum, viðskiptavinum og birgjum. Heildsölurekstur matvöru og smásölurekstur sérvöru er óverulegur og undir þeim tekju-, hagnaðar- og eignamörkum sem hafa ber til viðmiðunar við gerð starfspáttayfirlits. Starfsemi Olís er að stærstum hluta í sölu eldsneytis og þjónustu sem því tengist.

SKÝRINGAR, FRH.:

6. Starfspáttayfirlit, frh.:

| | Verslanir og vöruhús | Olís ehf. | Jöfnunar- færslur | Samtals |
|---|-------------------------|---------------|----------------------|---------------|
| <i>Fyrri árshelmingur 2024/25</i> | | | | |
| Vörusala | 63.324 | 27.777 | (455) | 90.646 |
| Aðrar rekstrartekjur | 363 | 47 | (147) | 263 |
| Heildartekjur starfspáttá | 63.687 | 27.824 | (602) | 90.909 |
| Heildarrekstrargjöld starfspáttá | (58.266) | (26.017) | 602 | (83.681) |
| EBITDA starfspáttá | 5.421 | 1.807 | 0 | 7.228 |
| Afskriftir starfspáttá | (2.019) | (593) | 0 | (2.612) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 42 | 110 | 0 | 152 |
| Rekstrarafkoma starfspáttá | 3.444 | 1.324 | 0 | 4.768 |
| Hrein fjármagnsgjöld | (1.286) | (249) | 0 | (1.535) |
| Tekjuskattur | | | | (660) |
| Hagnaður tímabilsins | | | | 2.573 |
| 31. ágúst 2024 | | | | |
| Eignir starfspáttá | 57.247 | 23.718 | 0 | 80.965 |
| Eignir samtals | | | | 80.965 |
| Skuldir starfspáttá | 41.585 | 11.098 | 0 | 52.683 |
| Skuldir samtals | | | | 52.683 |
| Fjárfestingar starfspáttá (nettó) | 1.086 | 218 | 0 | 1.304 |
| <i>Fyrri árshelmingur 2023/24</i> | | | | |
| Vörusala | 59.633 | 27.694 | (528) | 86.799 |
| Aðrar rekstrartekjur | 405 | 128 | (129) | 404 |
| Heildartekjur starfspáttá | 60.038 | 27.822 | (657) | 87.203 |
| Heildarrekstrargjöld starfspáttá | (55.066) | (25.801) | 657 | (80.210) |
| EBITDA starfspáttá | 4.972 | 2.021 | 0 | 6.993 |
| Afskriftir starfspáttá | (1.963) | (519) | 0 | (2.482) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 40 | 109 | 0 | 149 |
| Rekstrarafkoma starfspáttá | 3.049 | 1.611 | 0 | 4.660 |
| Hrein fjármagnsgjöld | (995) | (270) | 0 | (1.265) |
| Tekjuskattur | | | | (658) |
| Hagnaður tímabilsins | | | | 2.737 |
| 31. ágúst 2023 | | | | |
| Eignir starfspáttá | 52.252 | 23.235 | 0 | 75.487 |
| Eignir samtals | | | | 75.487 |
| Skuldir starfspáttá | 37.105 | 11.001 | 0 | 48.106 |
| Skuldir samtals | | | | 48.106 |
| Fjárfestingar starfspáttá (nettó) | 2.737 | 457 | 0 | 3.194 |

SKÝRINGAR, FRH.:

| 7. Afskriftir | 2024 | 2023 | 2024 | 2023 |
|---|------------|------------|------------|------------|
| | 1.6.-31.8. | 1.6.-31.8. | 1.3.-31.8. | 1.3.-31.8. |
| Afskriftir greinast þannig: | | | | |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | 559 | 714 | 1.267 | 1.246 |
| Afskriftir fjárfestingarfasteigna | 32 | 22 | 71 | 41 |
| Afskriftir leigueigna | 491 | 489 | 982 | 955 |
| Afskriftir óefnislegra eigna | 111 | 93 | 220 | 171 |
| Hlutdeild í afskriftum Olíudreifingar ehf. | 38 | 35 | 72 | 69 |
| Afskriftir samtals | 1.231 | 1.353 | 2.612 | 2.482 |

8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

| | 2024 | 2023 | 2024 | 2023 |
|--|------------|------------|------------|------------|
| | 1.6.-31.8. | 1.6.-31.8. | 1.3.-31.8. | 1.3.-31.8. |
| Vaxtatekjur af innstæðum og kröfum | 51 | 20 | 97 | 30 |
| Gengishagnaður | 10 | 0 | 19 | 0 |
| | 61 | 20 | 116 | 30 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | (527) | (510) | (1.103) | (1.005) |
| Vaxtagjöld leiguskuldar | (280) | (145) | (548) | (276) |
| Gengistap | 0 | (4) | 0 | (14) |
| Fjármagnsgjöld samtals | (807) | (659) | (1.651) | (1.295) |
| Hrein fjármagnsgjöld | (746) | (639) | (1.535) | (1.265) |

9. Leigueignir

Leigueignir og leiguskuldir samstæðunnar sem leigutaka eru eingöngu vegna húsnæðis. Leigueignir og leiguskuldir vegna lóðaleigusamninga eru ekki færðar. Upplýsingar um leiguskuldir má finna í skýringu 14.

| | | |
|---|-----------|-----------|
| Leigueignir greinast þannig frá upphafi til loka tímabilsins: | 31.8.2024 | 29.2.2024 |
| Leigueignir í upphafi tímabils | 11.252 | 8.287 |
| Nýir samningar | 0 | 1.722 |
| Verðbætur | 442 | 939 |
| Afskriftir | (982) | (1.862) |
| Aðrar breytingar samninga | 1.217 | 2.166 |
| Leigueignir í lok tímabils | 11.929 | 11.252 |

10. Vörubirgðir

Vörubirgðir greinast þannig:

| | 31.8.2024 | 29.2.2024 |
|---|-----------|-----------|
| Dagvara | 5.976 | 6.126 |
| Sérvara | 2.838 | 2.520 |
| Eldsneyti | 3.869 | 4.039 |
| Vörur í flutningi | 402 | 383 |
| Vörubirgðir samtals | 13.085 | 13.068 |
| Niðurfærsla birgða í lok tímabils | 305 | 228 |

SKÝRINGAR, FRH.:

11. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig: | 31.8.2024 | 29.2.2024 |
|---|-----------|-----------|
| Viðskiptakröfur | 7.007 | 5.189 |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna | (265) | (239) |
| Gjaldmiðlaskiptasamningur | 113 | 69 |
| Aðrar skammtímakröfur | 403 | 437 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 7.258 | 5.456 |
| Greiðslukortakröfur | 1.178 | 778 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals | 8.436 | 6.234 |

12. Eigið fé

| Bundið eigið fé greinist þannig: | Lög-bundinn varasjóður | Bundinn hlutdeildar-reikningur | Bundinn eiginfjárr-reikningur | Bundið eigið fé samtals |
|--|------------------------|--------------------------------|-------------------------------|-------------------------|
| Bundið eigið fé 1. mars 2023 | 283 | 6.974 | 33 | 7.290 |
| Breyting á varasjóð | (6) | 0 | 0 | (6) |
| Áfallinn kostnaður v. kaupréttarsamninga | 0 | 0 | 21 | 21 |
| Breyting á hlutdeildarreikningi | 0 | (808) | 0 | (808) |
| Bundið eigið fé 31. ágúst 2023 | 277 | 6.166 | 54 | 6.497 |
| | | | | |
| Bundið eigið fé 1. mars 2024 | 277 | 8.597 | 54 | 8.928 |
| Áfallinn kostnaður v. kaupréttarsamninga | 0 | 0 | 44 | 44 |
| Breyting á hlutdeildarreikningi | 0 | (2.147) | 0 | (2.147) |
| Bundið eigið fé 31. ágúst 2024 | 277 | 6.450 | 98 | 6.825 |

13. Vaxtaberandi skuldir

| Vaxtaberandi skuldir greinast þannig: | Vegið meðaltal vaxta 31.8.2024 | Eftirstöðvar 31.8.2024 | Eftirstöðvar 29.2.2024 |
|---|-----------------------------------|---------------------------|---------------------------|
| Langtímaskuldir í ISK, óverðtryggðar | 8,35% | 8,42% | 6.234 |
| Langtímaskuldir í ISK, verðtryggðar | 2,80% | 2,80% | 8.024 |
| Víxilskuldir í ISK | 10,14% | 10,32% | 2.940 |
| Lánalína í ISK | 10,76% | 0,00% | 220 |
| Vaxtaberandi skuldir, þ.m.t. næsta árs afborgun | | 17.418 | 17.104 |
| Næsta árs afborganir vaxtaberandi skulda | | (6.110) | (5.818) |
| Langtímaskuldir samtals | | 11.308 | 11.286 |

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:

| | | |
|-----------------------------------|--------|--------|
| Afborganir innan árs | 6.110 | 5.818 |
| Afborganir eftir 1 til 2 ár | 461 | 445 |
| Afborganir eftir 2 til 3 ár | 2.472 | 2.456 |
| Afborganir eftir 3 til 4 ár | 485 | 468 |
| Afborganir eftir 4 til 5 ár | 499 | 481 |
| Afborganir síðar | 7.391 | 7.436 |
| Samtals | 17.418 | 17.104 |

Þann 9. október 2024 luku Hagar útboði á tveimur skuldabréfaflokkum til endurfjármögnumnar á óverðtryggðum skuldabréfaflokki, HAGA181024, að upphæð 2.500 millj. kr. sem er á gjalddaga þann 18. október 2024. Gefinn verður út nýr flokkur HAGA 161127 auk þess sem HAGA 120926 1 verður stækkaður. HAGA 161127 er að fjárhæð 1.560 millj. kr. og ber hann fasta 8,60% vexti. HAGA 120926 1 verður eftir stækkun að fjárhæð 3.000 millj. kr. og ber fljótandi vexti tengda 1 mánaða REIBOR að viðbættu 1,30% álagi.

SKÝRINGAR, FRH.:

13. Vaxtaberandi skuldir frh.

| Breyting vaxtaberandi skulda á tímabilinu greinast þannig: | 31.8.2024 | 29.2.2024 |
|--|---------------|---------------|
| Vaxtaberandi skuldir í upphafi tímabils | 17.104 | 15.154 |
| Ný lántaka langtímalána | 0 | 2.000 |
| Afborganir langtímalána | (222) | (443) |
| Breyting á víxískuldum | 60 | 1.800 |
| Breyting á lánalínu | 219 | (1.800) |
| Verðbætur | 257 | 393 |
| Vaxtaberandi skuldir í lok tímabils | <u>17.418</u> | <u>17.104</u> |

14. Leiguskuldir

| Leiguskuldir greinast þannig frá upphafi til loka tímabilsins: | 31.8.2024 | 29.2.2024 |
|--|---------------|--------------|
| Leiguskuldir í upphafi tímabils | 12.239 | 9.068 |
| Nýir samningar | 0 | 1.722 |
| Afborgunarþáttur leigugreiðslna | (836) | (1.656) |
| Verðbætur | 442 | 939 |
| Aðrar breytingar samninga | 1.217 | 2.166 |
| Leiguskuldir, þ.m.t. næsta árs afborgun | 13.062 | 12.239 |
| Næsta árs afborganir leiguskulda | (2.615) | (2.579) |
| Leiguskuldir til langtíma í lok tímabils | <u>10.447</u> | <u>9.660</u> |

Afborganir leiguskulda greinast þannig á næstu ár:

| | | |
|-----------------------------------|---------------|---------------|
| Afborganir innan árs | 2.615 | 2.579 |
| Afborganir eftir 1 til 2 ár | 2.305 | 2.189 |
| Afborganir eftir 2 til 3 ár | 1.653 | 1.697 |
| Afborganir eftir 3 til 4 ár | 1.299 | 1.210 |
| Afborganir eftir 4 til 5 ár | 1.033 | 890 |
| Afborganir síðar | 4.157 | 3.674 |
| Samtals | <u>13.062</u> | <u>12.239</u> |

Heildarleigugreiðslur sem tengjast þeim leigusamningum sem færðir eru samkvæmt leigustaðli IFRS 16 námu 1.383 millj. kr. á tímabilinu (2023/24: 1.199 millj. kr.).

15. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig: | 31.8.2024 | 29.2.2024 |
|---|---------------|---------------|
| Tekjuskattur til greiðslu | 874 | 864 |
| Viðskiptaskuldir | 16.487 | 13.095 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 1.989 | 3.531 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals | <u>19.350</u> | <u>17.490</u> |

SKÝRINGAR, FRH.:

16. Félög í samstæðu

Dótturfélög í samstæðu Haga hf. voru sex í upphafi en sjö í lok tímabilsins. Dótturfélögini eru eftirfarandi:

| | Staðsetning | Eignarhlutur 31.8.2024 | Eignarhlutur 29.2.2024 |
|----------------------|-------------|---------------------------|---------------------------|
| Hagar verslanir ehf. | Ísland | 100% | 100% |
| Olís ehf. | Ísland | 100% | 100% |
| Bananar ehf. | Ísland | 100% | 100% |
| Noron ehf. | Ísland | 100% | 100% |
| Stórkaupehf. | Ísland | 100% | 100% |
| Eldum rétt ehf. | Ísland | 100% | 100% |
| Hagar Wine B.V. | Holland | 100% | 0% |

17. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar félagsins eru stórir hluthafar í félaginu, hlutdeildarfélög þess, lykilstjórnendur og stjórnarmenn. Viðskipti á milli félagsins og dótturfélaga þess, sem eru skilgreind sem tengdir aðilar, hafa verið færð út í samstæðureikningsskilum og eru ekki hluti af þessari skýringu.

| Viðskipti við tengda aðila | 2024 | 2023 |
|---------------------------------|------------|------------|
| | 1.3.-31.8. | 1.3.-31.8. |
| Seldar vörur og þjónusta | 189 | 191 |
| Keyptar vörur og þjónusta | (1.119) | (1.102) |
| Viðskiptakröfur í lok tímabils | 10 | 9 |
| Viðskiptaskuldir í lok tímabils | (175) | (197) |

18. Kennitölur

Helstu kennitölur samstæðunnar eru eftirfarandi:

| Rekstur | 2024 | 2023 |
|---|------------|------------|
| | 1.3.-31.8. | 1.3.-31.8. |
| Hagnaðarhlutfall (rekstrarhagnaður fyrir afskriftir / vörusölu) | 8,0% | 8,1% |
| Launahlutfall (laun og launatengd gjöld / vörusölu) | 9,5% | 9,0% |
| Kostnaðarhlutfall (annar rekstrarkostnaður / vörusölu) | 4,5% | 4,1% |
| Veltuhraði birgða (kostnaðarverð seldra vara / meðalbirgðastaða) | 11,1 | 11,0 |
| Innheimtutími viðskiptakrafna í dögum | 13,3 | 12,9 |
| Efnahagur | 31.8.2024 | 29.2.2024 |
| Veltufjárhlfall (veltufjármunir / skammtímaskuldir) | 0,87 | 0,82 |
| Lausafjárhlfall ((veltufjármunir-birgðir) / skammtímaskuldir) | 0,41 | 0,31 |
| Skuldsetning (nettó vaxtaberandi skuldir / rekstrarhagnaður fyrir afskriftir) | 2,1 | 2,1 |
| Eiginfjárhlfall (eigjóð fé / heildareignir) | 34,9% | 36,5% |
| Innra virði hlutafjár (eigjóð fé / hlutafé) | 26,09 | 26,00 |

19. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Í apríl 2024 var tilkynnt um að Olís, dótturfélag Haga, ásamt meðeigendum sínum hefðu komist að samkomulagi um að hefja undirbúnning sölumeðferðar á eignarhlutum félaganna í Olíudreifingu ehf. Í framhaldi af þeim undirbúnungi var þann 26. september 2024 tilkynnt um að ákveðið hefði verið að hefja formlegt söluferli á eignarhlutunum. Olís á 40% eignarhlut en Olíudreifing er mikilvægt innviðafélag hvað varðar birgðahald og dreifingu eldsneytis á Íslandi.